

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 337/1997.

**Húsfélagið Flétturima 1-3**

(Guðjón Ármann Jónsson hrl.)

gegn

**Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar ehf.**

(enginn)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Stef nubirting.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi, en sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um úrskurðinn fyrir en 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Sóknaraðili höfðaði málið á hendur varnaraðila, Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar ehf., með stefnu, út gefinni 13. júní 1997, þar sem segir meðal annars, að „fyrir hönd félagsins stefnist stjórnarformanni þess, Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, Þórgötu 5, Reykjavík“. Stefnuvottur birti stefnuna 18. sama mánaðar fyrir stjórnarmanni í félaginu, Sigurði Arnórssyni, á heimili hans að Grettisgötu 12 í Reykjavík, og er hann tilgreindur sem fyrirvarsmaður stefnda í vottorði um birtinguna.

Í stefnu sóknaraðila var gætt nægilega að ákvæði b-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 með því, að þar var greint frá nafni, kennitölu og heimilisfangi Arnar Karlssonar sem fyrirvarsmanns varnaraðila. Stefnan var hins vegar hvorki birt fyrir þeim manni sjálfum né einhverjum í hans þágu eftir því, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. og 4. mgr. 85. gr., sbr. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 91/1991. Birting stefnunnar fyrir áðurnefndum Sigurði Arnórssyni getur ekki komið sóknar-

aðila að haldi, enda var Sigurðar ekki getið þar sem fyrirsvarsmanns varnaraðila og ekki á valdi stefnuvotts að velja hann til þess hlutverks. Þegar af þessum sökum hefur stefnan ekki verið birt fyrir þeim, sem sóknaraðili beindi henni að eftir orða hennar hljóðan. Verður því niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 18. júní sl., af Húsfélaginu Flétturima 1-3, kt. 511095-3019, Hamraborg 7, Kópavogi, á hendur Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar ehf., kt. 620492-2139, en fyrir hönd félagsins stefnist stjórnarformanni þess, Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, Þórsgötu 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.070.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.035.000 kr. frá 10. nóvember 1996 til 10. desember s. á., en af 2.070.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningaþóknun. Krafist er vaxta-reiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Loks er með skírskotun til 48. gr. laga nr. 26/1994 krafist staðfestingar á lögveði fyrir kröfunni í eign stefnda, sem er bílageymsla í kjallara Flétturima 1-3 (matshluti 05), Reykjavík.

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 24. júní sl. Af hálfu hins stefnda félags hefur þing ekki verið sótt.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu áfallinna, en ógreiddra húsgjalda vegna framkvæmda og uppbyggingar að Flétturima 1-3, Reykjavík, en nánar tiltekið kveður hann vera um að ræða hlutdeild stefnda í kostnaði vegna bílageymslu undir húsinu nr. 1-3 við Flétturima hér í borg, matshluta 05, þ. e. 16,56% heildarkostnaðar, samtals 2.070.000 krónur.

Svo sem að framan greinir, er stjórnarformanni hins stefnda félags, Erni Karlssyni, stefnt fyrir hönd félagsins. Í birtingarvottorði er fyrirsvarsmáður stefnda hins vegar tilgreindur Sigurður Arnórsson, og var stefna málsins birt honum á heimili hans 18. júní sl. Samkvæmt fram lögðu vottorði Hluta-félagaskrár er Sigurður Arnórsson meðstjórnandi í hinu stefnda félagi, en Örn Karlsson formaður.

Í 4. mgr. 85. gr. er að finna sérreglur um birtingu stefnu á hendur lög-aðila. Samkvæmt þeim má alltaf birta stefnu á stjórnarstöð lögadilans, þótt

fyrirsvarsmaður hans hafi þar ekki vinnustað. Verður þá að jafnaði að birta fyrir æðsta starfsmanni lögaðilans, sem til verður náð á stjórnstöðinni. Í greinargerð er einnig að því vikið, að auk þessa kosts mætti alltaf framkvæma birtingu á hendur fyrirsvarsmanninum eftir almennum reglum 2. og 3. mgr. 85. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 82. gr. Fyrirsvarsmaður hlutafélags í skilningi 4. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 er stjórnarformaður þess. Þegar framanritað er virt, er ljóst, að óheimilt var að birta stefnu máls þessa með þeim hætti, sem gert var. Samkvæmt því verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Úrskurðinn kvað upp Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

---